

Fundargerð stjórnar Fíh

7. fundur stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga starfstímabilið 2021-2022 miðvikudaginn 24. nóvember 2021 kl. 08:30 – 12:00 - fjarfundur

Mættir:

Gísli Níls Einarsson, Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir og Þóra Gunnarsdóttir.

Gestir:

Edda Dröfn Daníelsdóttir sviðsstjóri fagsviðs.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðsla: Frestað þar til á næsta fundi.

Til kynningar:

2. Kynning á fyrstu niðurstöðum úr könnun um fjölgun karla í stétt hjúkrunarfræðinga

Edda Dröfn Daníelsdóttir kynnti fyrir stjórn helstu niðurstöður könnunar sem send var á félagsmenn um fjölgun karla í stétt hjúkrunarfræðinga. Niðurstöðurnar voru mjög áhugaverðar og þátttaka góð en niðurstöður benda til jákvæðs viðhorfs til karlkyns hjúkrunarfræðinga. Einnig kynnti hún fyrirkomulag rafrænnar fræðslu fyrir félagsmenn Fíh.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn Fíh fagnar jákvæðum og áhugaverðum niðurstöðum könnunarinnar og spennandi fræðsludagskrá í boði fyrir hjúkrunarfræðinga á vorönn 2022.

Til umræðu:

3. Uppsagnir hjúkrunarfræðinga á Landspítala og staðan á vinnumarkaði hjúkrunarfræðinga

Áfram er þungt og erfitt ástand innan heilbrigðiskerfisins, m.a. vegna vöntun á hjúkrunarfræðingum til starfa og aukins álags tengt núverandi covid-bylgju. Hjúkrunarfræðingar og stjórnendur hafa verið áberandi í fjölmiðlaumræðu undanfarið og greint frá miklu álagi í starfi og ófullnægjandi starfsumhverfi sem stuðli að auknu álagi og streitu sem geti aukið líkur á mistökum í starfi. Sérstaklega hefur ástandið verið erfitt á bráðamóttöku Landspítala vegna erfiðleika í innlögnum sjúklinga á legudeildir spítalans og bíða margir sjúklingar þar eftir innlögn. Á ýmsum starfseiningum næst ekki að full manna allar vaktir og dæmi um að hjúkrunarfræðingar komist ekki heim af vaktinni. Mikið er um yfirvinnu og ljóst að núverandi ástand gengur ekki upp til langframa. Álagið á hjúkrunarfræðinga og annað starfsfólk er komið að þolmörkum. Hjúkrunarfræðingar á bráðamóttöku Landspítala eru farnir að segja upp störfum eða minnka við sig starfshlutfallið.

Afgreiðsla: Umræður. Formaður og starfsfólk á kjara- og réttindasviði heldur áfram samræðum við

yfirmenn og -stjórn Landspítala og herja á betri lausnir en nú eru til staðar. Lífsnauðsynlegt er að bæta starfsumhverfi og draga úr álagi, eigi uppsögnum hjúkrunarfræðinga ekki að fjölga. Fyrirhugaðir eru 2 fundir með trúnaðarmönnum á Landspítala annars vegar og á landsvísu hins vegar. Það er alveg ljóst að ef heldur áfram sem skyldi án verulegra inngripa yfirvalda, er ljóst að öryggi og gæði þjónustunnar verður ekki tryggt og afleiðingarnar geta orðið dýrkeyptar.

4. Staða aðgerðaáætlunar við stefnu Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til 2030

Vinna stjórnar við aðgerðaráætlunina heldur áfram en stefnt á að ljúki upp úr áramótum.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórnarmeðlimir fara yfir aðgerðaráætlunina fram að næsta fundi og koma með athugasemdir og viðbætur.

5. Erindi til Vinnueftirlits ríkisins vegna starfsaðstæðna hjúkrunarfræðinga á Landspítala

Stjórn Fíh mun senda Vinnueftirliti ríkisins og óska eftir úttekt sem fyrst á starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga á Landspítala. Sérstaklega er um að ræða bráðamóttöku, gjörgæsludeildir og deildir þar sem covid-smitaðir eru innlagðir. Stjórn Fíh telur að í ljósi ítrekaðra fréttu af ófullnægjandi starfsaðstæðum hjúkrunarfræðinga, sé atvinnurekandinn (ríkið), að brjóta lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, auk reglugerðar um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum nr. 920/2006.

Afgreiðsla: Umræður.

6. Reglur styrktarsjóðs Fíh

Ennþá fjölga umsóknum í styrktarsjóð vegna langvarandi veikinda. Mikill áhugi er hjá stjórn að setja fram sérstakan styrk til hjúkrunarfræðinga til að niðurgreiða sálfræði- eða stuðningsþjónustu vegna mikils álags í starfi.

Afgreiðsla: Umræður. Formaður fer yfir fjárhagsstöðu styrktarsjóðs og skoðar skoðar fjárhagsleg úrræði til að sjá hvort ekki sé hægt að setja fram sértækan styrk á næsta ári vegna þessa.

Önnur mál:

7. Tímarit hjúkrunarfræðinga 3. tbl. 2021

Mikil og góð viðbrögð hafa verið við nýju útliti og efnistökm Tímarits hjúkrunarfræðinga.

Afgreiðsla: Stjórn fagnar jákvæðum viðbrögðum félagsmanna og hvetur þá að til að kynna sér nánar tímaritið. Jafnframt eru hjúkrunarfræðingar hvattir til að koma með hugmyndir að áhugaverðum efnistökm til ritstjórans.

Fleira ekki gert og fundi slitið 11:00.

Næsti fundur stjórnar Fíh er áætlaður þann 8. desember 2021.

Guðný Birna Guðmundsdóttir ritari stjórnar Fíh.